

## Fundur í skipulags- bygginga- og hafnarnefnd Reykhólahrepps

mánudaginn 8. mars 2010 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 a, Reykhólum.  
Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Eiríkur Kristjánsson, Bogi Kristinsson Magnúsen og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Sveinn setti fund og bauð menn velkomna.

### Dagskrá:

#### Skipulags- og bygginganefnd.

1. **1002045** Umsókn dags. 26. febrúar s.l. frá Hlyni Stefánssyni um einbýlishúsalóð við Reykjabraut 6 á Reykhólum. Nefndin ákveður að setja málið í grenndarkynningu vegna breytinga á lóðum. Kynna þarf íbúum við Reykjabraut 1-11 tillöguna. Samþykkt að úthluta umsækjanda lóðinni með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu á grenndarkynningunni.
2. **1002043** Tillaga að gjaldskrá fyrir byggingarleyfis- þjónustu- og framkvæmdaleyfisgjöld í Reykhólahreppi. Gjaldskráin samþykkt. Gjaldskráin verður auglýst í B-deild stjórnartíðinda eftir samþykki í hreppsnefnd og síðan birt á heimasíðu Reykhólahrepps.
3. **0910001** Bréf dags. 16. febrúar. s.l. frá Minjavernd með umsókn um lóð fyrir starfsmannabústað í Flatey. Tekið jákvætt í eirindið. Ekki er hægt að úthluta lóð fyrr en deiliskipulagi það sem nú er í vinnslu er lokið.

#### Refa- og minkanefnd.

4. **1002035** Tölvupóstur dags. 17. febrúar s.l. frá Játvarði V. Vilhjálmssyni með ósk um framlengingu á samningi um refa- og minkaveiðar. Nefndin treystir sér ekki til að mæla með framlengingu samninga án breytinga. Vísar málinu til hreppsnefndar.

#### Húsnæðisnefnd.

5. **1002028** Bréf dags. 15. febrúar s.l. frá Ólafíu Sigurvinsdóttur og Eyvindi Magnússyni með umsókn um að fá Hólatröð 3 leigða eða keypta. Nefndin mælir með að gengið verði til samninga við umsækjendur.

## Mál til kynningar:

6. **1002044** Bréf dags. 23. febrúar s.l. frá Skipulagsstofnun um kynningu skipulagstillögu með fullnægjandi hætti. Kynnt.
7. **1003001** Bréf dags. 1. mars s.l. frá Skipulagsstofnun með ábendigu til sveitarstjórna um að ekki nægir fyrir sveitarstjórnir að staðfesta fundargerðir án umræðu. Kynnt.
8. **0903060** Afrit bréfs dags. 26. febrúar s.l. frá Siglingastofnun um umsögn um breytingu á Aðalskipulagi í Reykhólahreppi og tölvupóstur dags. 2. mars s.l. frá Boga Kristinssyni um sama málefni. Nefndin mælir með að hafnarsvæðið við Innstapoll í Flatey verði deiliskipulagt eins og Skipulagsstofnun fer fram á.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:40.

Sveinn Ragnarsson (sign)  
Egill Sigurgeirsson (sign)  
Eiríkur Kristjánsson (sign)  
Bogi Kristinsson Magnusen (sign)  
Óskar Steingrímsson (sign)